



Umhverfis- og skipulagssvið

### ***Ellidaárvogur Ártúnshöfði svæði 1 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 16. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. desember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 8. desember 2021 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Elliðaárvog/Ártúnshöfða, svæði 1. – Krossmýrartorg á Ártúnshöfða, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, svæði 1 sem gerir ráð fyrir 1.570 nýjum íbúðum í grænu, umhverfisvænu og nútímalegu hverfi. Á svæðinu verður til nýtt torg, Krossmýrartorg, umkringt íbúðum, verslun, þjónustu og menningartengdri starfsemi. Skipulagið allt hvetur til fjölbreyttra ferðamáta. Við Krossmýrartorg verður upphafsstöð fyrsta áfanga borgarlínu, gert er ráð fyrir mikilli samnýtingu bílastæða, hjólastígar verða beggja vegna gatna í flestum götum og gönguleiðum gert hátt undir höfði. Við leggjum áherslu á að endanleg hönnun gatnamóta í húsagötum hvetji til hægaksturs og setji öryggi og þægindi gangandi og hjólandi í forgang. Þá er áhersla lögð á að samsíða bílastæði verði meginregla nema þegar aðgengisrök mæla með öðru. Þá er mikilvægt að öll hönnun komi í veg fyrir hringsól bíla um hverfið. Með þessu skipulagi hefur Ártúnshöfðinn alla burði til að verða grænasta hverfi landsins á besta stað í borginni.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Byggja á allt að 8.000 íbúðir þegar allt er komið. Fram kemur að „markmið deiliskipulagsins er að sjá til þess að uppbygging svæðisins hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki svæðisins“ og: „Mikilvægt er að varðveita og vernda lífríki og lágmarka sjónmengun frá ofanvatnskerfinu í viðtaka, við árbakka Elliðaáa og strandlengju Elliðaárvogs.“ Hér er um öfugmæli að ræða. Uppbyggingin eins og hún er hér framsett mun hafa mikil áhrif á lífríkið. Rústa á dýrmætasta svæðinu sem eru fjörunar. Sagt er að „þörf“ sé á landfyllingu til norðurs. Auðvitað er engin „þörf“ á landfyllingu. Það á að vera hægt að skipuleggja án þess að þurfa alltaf að ganga á fjörun. Hætta ætti því við landfyllingar. Þétting byggðar tekur oft of mikinn toll af náttúru að mati fulltrúa Flokks fólksins. Þetta má sjá á Geirsnefi og bökkum Elliðaáa, austan- og vestanverðum ósasvæðum hennar. Alltof mikið er manngert, búin til gerviveröld. Af hverju mega ekki fágætir fjörubútar fá að vera í friði? Fáar ósnortnar fjörunar eru eftir í Reykjavík. Árbakkarnir til sjávar meðfram Sævarhöfða eru þegar manngerðir. Geirsnef gæti orðið borgargarður, en þar á borgarlína að skera Geirsnef í tvennt og sá möguleiki því ekki lengur til.

Helga Björk Laxdal

e.u.